Alþingi
Erindi nr. Þ 122/1935
komudagur 20.4.'98

FISKISTOFA
DIRECTORATE OF FISHERIES

# VEIÐAR ÍSLENSKRA SKIPA Á NORSK-ÍSL. SÍLD 1997

FISKVEIÐISTJÓRNUNARSVIÐ
FEBRÚAR 1998

GUÐMUNDUR KRISTMUNDSSON
20. 04. 1998

# EFNISYFIRLIT

1. REGLUGERÐIR OG ÚTGÁFA VEIÐILEYFA . . . . . . . . . . . . . 2

2. NORSK-ÍSLENSKA SÍLDARVERTÍÐIN 1997 . . . . . . . . . . . . . 3

3. AFLATÖLUR . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . 6

3.1. Heildaraflatölur
3.2. Veiðitími
3.3. Afli einstakra skipa

4. SKIPTING AFLA EFTIR VEIÐISVÆÐUM . . . . . . . . . . . . . . . 8

4.1. Heildarskipting
4.2. Skipting afla eftir veiðisvæðum fyrir einstök skip

5. VIÐAUKI . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . 10

Staða aflaheimilda einstakra skipa eftir 31. maí 1997
Samanburður á lönduðum afla eftir dögum milli 1996 og 1997
Veiðiferðir og landanir einstakra skipa

# 1. REGLUGERÐIR OG ÚTGÁFA VEIÐILEYFA

Samkvæmt samkomulagi þeirra ríkja sem hafa hagsmuna að gæta varðandi veiðar úr norsk-íslenska síldarstofninum, var heildarafli úr stofninum á árinu 1997, takmarkaður við 1,5 milljónir lesta og komu 233 þúsund lestir í hlut Íslendinga.

Þann 17. mars 1997 gaf sjávarútvegsráðuneytið út reglugerð nr. 190/1997 um stjórn veiða úr norsk-íslenska síldarstofninum 1997. Samkvæmt reglugerðinni skyldu veiðarnar vera háðar sérstöku leyfi Fiskistofu og var heildaraflahámark sett á íslensku skipin. Þegar talið var að leyfilegt heildarmagn væri að nást, skyldi Fiskistofa stöðva veiðarnar.

Með reglugerðinni var útgerðaraðilum gefinn frestur til 10. apríl 1997 til að sækja um síldveiðileyfi fyrir skip sín, en síðar var umsóknarfresturinn felldur niður með breytingu á reglugerð nr. 190/1997. Skilyrði fyrir því að skip gætu fengið leyfi til síldveiða var að þau hefðu leyfi til veiða í atvinnuskyni í fiskveiðilandhelgi Íslands.

Þann 28. apríl 1997 veitti Fiskistofa 87 fiskiskipum leyfi til síldveiða. Af þeim voru 25 togarar og 62 nótaskip og bátar. Tveimur togurum, Sigli SI 250 og Hring SH 535 var hafnað um síldveiðileyfi á þeim forsendum að þeir væru án leyfis til veiða í atvinnuskyni í fiskveiðilandhelgi Íslands.

Í leyfisbréfum til skipanna var vakin sérstök athygli á reglum varðandi veiðarnar, þar var m.a. að finna eftirfarandi:

1. Heimilt var að hefja síldveiðar þann 3. maí.
2. Skipstjórnarmönnum var ávallt skylt að tilkynna Fiskistofu þegar fyrirhugað væri að hefja veiðar og þegar haldið væri til hafnar. Ennfremur var þeim skylt að senda tilkynningu daglega þar sem fram kæmi staðsetning skipsins, afli um borð og hvort skipið væri á miðunum, á landleið eða á útleið.
3. Óheimilt var að landa óvigtuðum afla um borð í flutningaskip eða önnur veiðiskip.

Þann 2. maí var ákvæðum í reglugerð nr. 190/1997, um veiðar íslenskra skipa í lögsögum Noregs og Færeyja breytt og bætt inn ákvæðum varðandi landanir íslenskra skipa erlendis. Með breytingunni var tímabundið, ekki lengur heimilt fyrir íslensk skip að veiða allt að 10 þúsund lestir af síld innan lögsögu Noregs og þá varð heimilt að stunda veiðar innan færeysku lögsögunnar með trolli. Þá hafði breytingin það í för með sér að ef íslenskt skip fyrirhugaði að landa síldarafla til bræðslu erlendis þá þurfti að leita samþykkis Fiskistofu þar að lútandi enda lægi fyrir að eftirlit með löndun og vigtun afla væri fullnægjandi að mati Fiskistofu. Þá varð heimilt að landa síld til manneldisvinnslu í erlendri höfn enda væri aflinn seldur á opinberum fiskmörkuðum þar sem vigtunaraðferðir og eftirlit er viðurkennt af Fiskistofu.

Með breytingu á reglugerð nr. 190/1997 þann 5. maí var fallið frá þeim umsóknarfresti sem áður hafði verið tilgreindur. Eftir þessa breytingu var sótt um veiðileyfi fyrir Víkurberg GK 1 (979) og Þerneyju RE 101 (2203) og veitti Fiskistofa þeim samstundis leyfi til síldveiða. Alls fengu því 26 togarar leyfi til síldveiða og 63 nótaskip og bátar.

# 2. NORSK-ÍSLENSKA SÍLDARVERTÍÐIN 1997

Greinilegt var að mikill hugur var í skipstjórnarmönnum íslenska síldarflotans við upphaf vertíðarinnar því þegar fyrsti leyfilegi veiðidagurinn rann upp þann 3. maí, voru 50 skip tilbúin á miðunum. Höfðu skipin þá velflest lagt úr höfn upp úr 30. apríl og voru því búin að vera einhvern tíma á miðunum í leit að síldartorfum áður en blásið var til sóknar.

Að morgni 3. maí, milli kl. 8:00 og 10:00, bárust Fiskistofu fyrstu skeytin frá skipstjórnarmönnum með daglegum tilkynningum um afla um borð í skipunum, eins og kveðið var á um í reglugerð varðandi veiðarnar. Nær öll skipin sendu tilkynningu að undanskildum 3 skipum. Alls veiddust um 700 tonn þessa fyrstu nótt vertíðarinnar en næsta sólarhring á eftir aflaðist betur og þá bættust 14 þús. lestir við afla íslensku skipanna. Mörg skip náðu þá að fylla sig strax, meðan önnur skip áttu í erfiðleikum með að fanga síldina. Dæmi voru um að skip næðu ekki neinum afla að ráði fyrr en eftir allt að 10 daga á veiðum.

**Mynd 2.1**




Frá 4. maí til 7. maí fór sólarhringsafli íslenska flotans minnkandi og skipunum fækkaði að sama skapi þar sem mörg skip héldu til lands með afla. Eftir 7. maí tók veiðin að glæðast að nýju og þann 9. maí var ágæt veiði þegar mörg skip náðu að fylla sig í annað skiptið á vertíðinni. Þann 10. maí var sólarhringsaflinn mun minni en daginn áður og aflinn var enn minni þann 11. og 12. maí en þann 13. maí aflaðist mjög vel. Reyndist þetta aflamynstur vera einkennandi fyrir veiðarnar eins og mynd 2.1. ber glöggt með sér. Íslenski síldarflotinn var að fá allt upp í tæplega 18 þús. lestir og niður í 2 þús. lestir á sólarhring.

Á tímabilinu 3. maí til 7. maí héldu öll íslensku skipin sig innan færeysku lögsögunnar en eftir það dreifðist flotinn meira og flest skipin færðu sig inn á alþjóðlega hafsvæðið. Þar stunduðu skipin veiðar til 10. – 11. maí og næstu daga á eftir til ca. 20. maí var áberandi mest veitt innan færeysku lögsögunnar.

Þann 11. maí var afli íslensku skipanna orðinn nærri 50 þús. lestir og þegar skipin héldu til hafnar þann 30. maí vegna sjómannadagsins þann 1. júní höfðu 51 íslensk nótaskip og bátar aflað alls um 185 þús. lesta af síld. Enginn togari hafði þá enn reynt við veiðarnar.

Þegar líða tók að sjómannadeginum bárust Fiskistofu og sjávarútvegs-ráðuneytinu fyrirspurnir frá útgerðamönnum og skipstjórum um hvort ekki væri fyrirhuguð breyting á veiðistjórnuninni og hvort ekki væri æskilegt að skipta eftirstöðvum íslensku aflaheimildanna milli einstakra skipa eftir sjómannadag.

Þann 28. maí gerði sjávarútvegsráðuneytið þá breytingu á stjórn veiða úr norsk-íslenska síldarstofninum, með reglugerð nr. 323/1997, að ekki var lengur um að ræða heildaraflahámark heldur voru hverju skipi settar þær skorður að einungis mátti landa einu sinni eftir 31. maí. Með reglugerðabreytingunni féllu jafnframt úr gildi, frá og með sömu dagsetningu, veiðileyfi þeirra skipa sem ekki höfðu landað síld á vertíð þeirri sem hófst 3. maí 1997.

Vegna breyttra forsendna voru síldarskipin ekki að flýta sér eins mikið á miðin eftir sjómannadag og í upphafi vertíðarinnar. Fyrsta sólarhringinn eftir sjómannadag, þ.e. 3. - 4. júní, var mjög góð veiði og þau skip sem komu fyrst á miðin náðu að fylla sig nær strax. Eftir 4. júní dró verulega úr veiðinni og frá morgni 5. júní til morguns 6. júní öfluðu 39 skip einungis um 3 þús. lesta af síld. Aflabrögðin áttu samt eftir að versna og þann 8. júní fékkst nær enginn afli þrátt fyrir að 26 skip væru á miðunum. Af skeytum sem Fiskistofu bárust frá skipstjórnarmönnum þessa daga mátti heyra að vont hljóð var í sjómönnum og þeir orðnir vonlitlir um að rættist úr aflabrögðunum.

Léleg aflabrögð og bræla, sem hamlaði veiðum í byrjun júní, varð til þess að sjávarútvegsráðuneytið breytti reglugerð nr. 190/1997 og leyfði að skip sem ekki lönduðu fullfermi í fyrstu löndun sinni eftir 31. maí gætu farið aðra veiðiferð svo framarlega sem sameiginlegur afli úr þessum tveimur veiðiferðum færi ekki yfir það magn sem viðkomandi skip hafði mest landað úr einni veiðiferð á síldarvertíðinni.

Dagana eftir 9. júní fækkaði skipunum jafnt og þétt er mörg skip gáfust upp og héldu til lands. Að lokum hættu síðustu skipin veiðum í bili þann 14. júní eftir mjög dræm aflabrögð og dæmi voru um að skip kæmu nánast tóm í land. Þegar hér var komið höfðu íslensku skipin aflað um 208 þús. lesta af síld.

Seint í júní gerðu 4 skip tilraun til að finna síld í lögsögu Jan Mayen og fór hvert þeirra eina veiðiferð. Í fyrstu bar leitin lítinn árangur en síðar rættist nokkuð úr því og alls öfluðu þessi 4 skip um 3.600 lestum af síld í þessum

veiðiferðum. M.s. Sunnberg GK 199 kom síðast af þessum skipum í land þann 1. júlí með nærri 800 tonn af „demantssíld", eins og skipstjórinn komst að orði í skeyti til Fiskistofu.

Í lok júlí krækti m.s. Þorsteinn EA 810 í um 150 lestir af síld innan íslensku lögsögunnar. Í fyrstu var ekki vitað hvort hér væri um að ræða íslenska sumargotssíld eða norsk-ísl. síld en eftir athuganir fiskifræðinga var það staðfest að hér væri um að ræða væna norsk-íslenska síld. Reyndist þetta vera eini norsk-ísl. síldaraflinn sem fékkst innan íslensku lögsögunnar á árinu 1997.

*Veiðar í efnahagslögsögu Noregs*

Eins og áður hefur komið fram var upphaflega gert ráð fyrir að leyfilegt væri fyrir íslensk skip að veiða allt að 10 þús. lestir af síld í lögsögu Noregs. Þann 16. september 1997 gaf sjávarútvegsráðuneytið út reglugerð nr. 551/1997 um síldveiðar íslenskra skipa í efnahagslögsögu Noregs og gaf síðan samkvæmt henni 13 síldveiðiskipum leyfi til að stunda síldveiðar með nót innan norsku lögsögunnar. Samkvæmt reglugerðinni var íslenskum síldveiðiskipum heimilt að veiða þar samtals 10 þús. lestir af síld á árinu 1997 og var hverju skipi þó aðeins heimilt að veiða 770 lestir.

Fyrstu skipin hófu veiðar í norskri lögsögu upp úr 20. sept og þau síðustu byrjuðu sínar veiðar í kringum 28. sept. Eitt skip af þeim 13 sem fengu leyfi til veiðanna, nýtti sér ekki veiðileyfi sitt innan norsku lögsögunnar.

6 skip af þeim 13 sem fengu leyfi, voru ekki nema 1 – 2 daga að veiða upp í aflaheimildir sínar. 3 skip fóru tvær veiðiferðir til að fullnýta aflaheimildir sínar en fjórum skipum tókst ekki að veiða það magn sem þeim var úthlutað. Samtals veiddu þessi 12 skip nærri 8 þús. lestir af síld innan lögsögu Noregs.

# 3. AFLATÖLUR

## 3.1. HEILDARAFLATÖLUR




**Mynd 3.1**

Heildarafli íslenskra skipa úr norsk-ísl. síldarstofninum varð á árinu 1997 rúmlega 220 þús. lestir, sem er nærri 55 þús. lestum meira en árið áður og það mesta sem Íslendingar hafa veitt úr stofninum á einu ári síðan 1969. Þrátt fyrir það náðist ekki að veiða upp í það 233 þús. lesta aflahámark sem kom í hlut Íslendinga og urðu eftirstöðvarnar því á árinu 1997 tæplega 13 þús. lestir.

## 3.2. VEIÐITÍMI




**Mynd 3.3.** Sýnir samanburð á milli áranna 1996 og 1997, miðað við landaðan afla eftir vikum.

Aflabrögð eftir vikum virðast vera svipuð á árunum 1996 og 1997 og greina má ákveðið aflamynstur. Greinilegt er að bæði árin dregur hægt og rólega úr veiðunum eftir 18. maí og mestum afla er landað á tímabilinu 12. maí til 18. maí.

## 3.3. AFLI EINSTAKRA SKIPA

| Sk. nr. | Nafn skips | Burðargeta | Mesti afli á vertíðinni | Heildarafli |
|---|---|---|---|---|
| 130 | Júpiter ÞH 61 | 1.324 | 1.297 | 9.039 |
| 220 | Víkingur AK 100 | 1.465 | 1.438 | 7.409 |
| 1293 | Börkur NK 122 | 1.268 | 1.268 | 6.895 |
| 1525 | Hólmaborg SU 11 | 2.600 | 2.074 | 7.319 |
| 1807 | Hákon ÞH 250 | 1.140 | 1.139 | 6.396 |
| 1742 | Kap VE 4 | 1.235 | 1.235 | 7.175 |
| 183 | Sigurður VE 15 | 1.540 | 1.541 | 6.327 |
| 1610 | Ísleifur VE 63 | 1.127 | 1.127 | 6.106 |
| 1060 | Súlan EA 300 | 980 | 935 | 5.501 |
| 1002 | Sunnuberg GK 199 | 827 | 816 | 5.474 |
| 2275 | Jón Sigurðsson GK 62 | 844 | 837 | 5.416 |
| 1504 | Neptúnus ÞH 361 | 1.144 | 1.146 | 5.399 |
| 1046 | Oddeyrin EA 210 | 726 | 726 | 5.368 |
| 155 | Jón Kjartansson SU 111 | 1.133 | 1.133 | 5.317 |
| 2281 | Sighvatur Bjarnason VE 81 | 1.634 | 1.634 | 5.344 |
| 2253 | Elliði GK 445 | 863 | 863 | 5.753 |
| 1501 | Þórshamar GK 75 | 919 | 919 | 5.664 |
| 2287 | Bjarni Ólafsson AK 70 | 1.354 | 1.354 | 4.887 |
| 2277 | Antares VE 81 | 1.009 | 928 | 5.635 |
| 1413 | Höfrungur AK 91 | 905 | 889 | 4.728 |
| 1512 | Grindvíkingur GK 606 | 1.150 | 1.149 | 4.531 |
| 1070 | Húnaröst SF 550 | 750 | 768 | 4.486 |
| 1012 | Örn KE 13 | 1.103 | 1.103 | 4.375 |
| 1903 | Þorsteinn EA 810 | 1.205 | 1.205 | 5.063 |
| 1401 | Gullberg VE 292 | 907 | 924 | 4.446 |
| 1006 | Háberg GK 399 | 650 | 685 | 4.074 |
| 226 | Beitir NK 123 | 1.100 | 1.074 | 4.928 |
| 1272 | Guðmundur VE 29 | 959 | 937 | 3.945 |
| 1048 | Faxi RE 241 | 700 | 674 | 3.885 |
| 1508 | Björg Jónsdóttir ÞH 321 | 834 | 818 | 3.858 |
| 1416 | Arney KE 50 | 580 | 591 | 3.800 |
| 1011 | Gígja VE 340 | 753 | 750 | 3.752 |
| 264 | Þórður Jónasson EA 350 | 700 | 708 | 3.748 |
| 1062 | Kap VE II 444 | 900 | 754 | 3.741 |
| 1061 | Sólfell VE 640 | 688 | 688 | 3.452 |
| 979 | Víkurberg GK 1 | 987 | 923 | 3.548 |
| 1076 | Guðrún Þorkelsdóttir SU 211 | 1.040 | 995 | 3.279 |
| 1029 | Svanur RE 45 | 710 | 704 | 3.258 |
| 1031 | Bergur VE 44 | 1.206 | 1.206 | 3.936 |
| 1030 | Arnþór EA 16 | 642 | 615 | 2.940 |
| 1411 | Huginn VE 55 | 930 | 912 | 2.928 |
| 1020 | Guðmundur Ólafur 91 | 814 | 693 | 2.334 |
| 1037 | Dagfari GK 70 | 529 | 529 | 2.248 |
| 2233 | Jóna Eðvalds SF 20 | 544 | 428 | 2.538 |
| 1035 | Heimaey VE 1 | 524 | 524 | 1.943 |
| 967 | Bergur Vigfús GK 53 | 602 | 456 | 1.725 |
| 1556 | Arnarnúpur ÞH 272 | 733 | 568 | 1.705 |
| 968 | Glófaxi VE 300 | 500 | 469 | 1.646 |
| 973 | Sigla SI 50 | 598 | 565 | 1.594 |
| 233 | Júlli Dan ÞH 364 | 450 | 267 | 787 |
| 1028 | Sæljón SU 104 | 500 | 250 | 472 |
| 51 | Samtals: | 48.325 | 46.231 | 220.117 |

Allar tölur eru í lestum

7
20. 04. 1998

# 4. SKIPTING AFLA EFTIR VEIÐISVÆÐUM

## 4.1. HEILDARSKIPTING




**Mynd 4.1**




**Mynd 4.2**

Á árinu 1997 veiddu íslensk skip megnið af sínum síldarafla í lögsögu Færeyja og á alþjóðlega hafsvæðinu eða nærri 87 %. Rúmlega 101 þús. lestir veiddust í lögsögu Færeyja en litlu minna magn fékkst á alþjóðlega hafsvæðinu eða tæplega 90 þús. lestir. Einungis 150 lestir fengust innan íslensku lögsögunnar á árinu 1997, en árið á undan var aflinn þar rúmlega 1.800 lestir.

Íslensk skip veiddu svipað magn í lögsögu Jan Mayen árið 1997 og á árinu á undan. Aftur á móti fékkst mun meira magn innan færeysku lögsögunnar árið 1997 heldur en á árinu 1996 og munar þar rúmlega 73 þús. lestum.

# 4.2. SKIPTING AFLA EFTIR VEIÐISVÆÐUM FYRIR EINSTÖK SKIP

| Sk. nr. | Nafn skips | Afli í lögsögu Íslands | Afli í lögsögu Færeyja | Afli í lögsögu Jan Mayen | Afli á alþjóðlega hafsvæðinu | Afli í lögsögu Noregs | Samtals |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 2277 | Antares VE 81 | 0 | 2.791 | 724 | 1.359 | 758 | 4.874 |
| 1556 | Arnarnúpur ÞH 272 | 0 | 1.273 | 0 | 432 | 0 | 1.705 |
| 1416 | Arney KE 50 | 0 | 1.733 | 400 | 1.655 | 0 | 3.788 |
| 1030 | Arnþór EA 16 | 0 | 1.393 | 0 | 1.547 | 0 | 2.940 |
| 226 | Beitir NK 123 | 0 | 1.888 | 70 | 2.100 | 877 | 4.058 |
| 1031 | Bergur VE 44 | 0 | 1.860 | 0 | 1.321 | 755 | 3.181 |
| 967 | Bergur Vigfús GK 53 | 0 | 1.055 | 0 | 671 | 0 | 1.726 |
| 2287 | Bjarni Ólafsson AK 70 | 0 | 2.112 | 1.354 | 1.421 | 0 | 4.887 |
| 1508 | Björg Jónsdóttir ÞH 321 | 0 | 1.913 | 570 | 1.377 | 0 | 3.860 |
| 1293 | Börkur NK 122 | 0 | 3.211 | 0 | 3.684 | 0 | 6.895 |
| 1037 | Dagfari GK 70 | 0 | 1.289 | 0 | 948 | 0 | 2.237 |
| 2253 | Elliði GK 445 | 0 | 2.358 | 100 | 2.609 | 686 | 5.067 |
| 1048 | Faxi RE 241 | 0 | 1.800 | 725 | 1.360 | 0 | 3.885 |
| 1011 | Gígja VE 340 | 0 | 2.474 | 0 | 1.278 | 0 | 3.752 |
| 968 | Glófaxi VE 300 | 0 | 887 | 0 | 759 | 0 | 1.646 |
| 1512 | Grindvíkingur GK 606 | 0 | 2.427 | 889 | 1.217 | 0 | 4.533 |
| 1020 | Guðmundur Ólafur 91 | 0 | 990 | 693 | 641 | 0 | 2.324 |
| 1272 | Guðmundur VE 29 | 0 | 2.209 | 0 | 1.747 | 0 | 3.956 |
| 1076 | Guðr. Þorkelsd. SU 211 | 0 | 705 | 448 | 2.126 | 0 | 3.279 |
| 1401 | Gullberg VE 292 | 0 | 2.594 | 0 | 1.597 | 255 | 4.191 |
| 1006 | Háberg GK 399 | 0 | 1.774 | 610 | 1.687 | 0 | 4.071 |
| 1807 | Hákon ÞH 250 | 0 | 2.651 | 990 | 2.754 | 0 | 6.395 |
| 1035 | Heimaey VE 1 | 0 | 1.136 | 350 | 457 | 0 | 1.943 |
| 1525 | Hólmaborg SU 11 | 0 | 2.002 | 0 | 4.475 | 844 | 6.477 |
| 1411 | Huginn VE 55 | 0 | 1.415 | 430 | 1.102 | 0 | 2.947 |
| 1070 | Húnaröst SF 550 | 0 | 2.153 | 100 | 2.215 | 0 | 4.468 |
| 1413 | Höfrungur AK 91 | 0 | 2.355 | 718 | 1.646 | 0 | 4.719 |
| 1610 | Ísleifur VE 63 | 0 | 3.530 | 400 | 2.177 | 0 | 6.107 |
| 155 | Jón Kjartansson SU 111 | 0 | 2.809 | 618 | 1.890 | 0 | 5.317 |
| 2275 | Jón Sigurðsson GK 62 | 0 | 2.210 | 650 | 2.548 | 0 | 5.408 |
| 2233 | Jóna Eðvalds SF 20 | 0 | 1.025 | 428 | 714 | 371 | 2.167 |
| 233 | Júlli Dan ÞH 364 | 0 | 492 | 88 | 206 | 0 | 786 |
| 130 | Júpiter ÞH 61 | 0 | 2.732 | 650 | 4.794 | 856 | 8.176 |
| 1742 | Kap VE 4 | 0 | 3.162 | 174 | 3.019 | 820 | 6.355 |
| 1062 | Kap VE II 444 | 0 | 2.730 | 419 | 582 | 0 | 3.731 |
| 1504 | Neptúnus ÞH 361 | 0 | 3.067 | 0 | 2.338 | 0 | 5.405 |
| 1046 | Oddeyrin EA 210 | 0 | 2.572 | 200 | 2.583 | 0 | 5.355 |
| 2281 | Sighvatur Bjarnas. VE 81 | 0 | 2.038 | 1.727 | 1.518 | 0 | 5.283 |
| 973 | Sigla SI 50 | 0 | 624 | 264 | 706 | 0 | 1.594 |
| 183 | Sigurður VE 15 | 0 | 1.847 | 887 | 3.593 | 0 | 6.327 |
| 1061 | Sólfell VE 640 | 0 | 1.689 | 0 | 1.785 | 0 | 3.474 |
| 1002 | Sunnuberg GK 199 | 0 | 2.418 | 1.688 | 1.370 | 0 | 5.476 |
| 1060 | Súlan EA 300 | 0 | 2.693 | 100 | 2.708 | 0 | 5.501 |
| 1029 | Svanur RE 45 | 0 | 1.669 | 605 | 984 | 0 | 3.258 |
| 1028 | Sæljón SU 104 | 0 | 309 | | 163 | 0 | 472 |
| 220 | Víkingur AK 100 | 0 | 3.750 | 0 | 3.676 | 0 | 7.426 |
| 979 | Víkurberg GK 1 | 0 | 1.176 | 923 | 1.219 | 230 | 3.318 |
| 1903 | Þorsteinn EA 810 | 148 | 1.910 | 550 | 1.740 | 728 | 4.348 |
| 264 | Þórður Jónasson EA 350 | 0 | 1.839 | 0 | 1.893 | 0 | 3.732 |
| 1501 | Þórshamar GK 75 | 0 | 2.839 | 465 | 1.592 | 768 | 4.896 |
| 1012 | Örn KE 13 | 0 | 1.883 | 650 | 1.859 | 0 | 4.392 |
| 51 | Samtals: | 148 | 101.461 | 20.657 | 89.842 | 7.948 | 212.108 |

Ofangreind skipting er fengin skv. tilkynningum frá skipstjórnarmönnum til Fiskistofu



20. 04. 1998

# 5. VIÐAUKI

# Norsk-íslensk síld 1997, staða aflaheimilda eftir 31. maí 1997

## Afli í lögsögum Íslands, Færeyja, Jan Mayen og á alþjóðlega hafsvæðinu

| Sk. nr. | Skip | Áætluð burðargeta | Heildarafli | Mesti afli á vertíðinni | Veiðiferðir e. 31.maí | Afli eftir 31.maí* | Aflaheimild eftir pr. skip | Umframafli |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 2277 | Antares VE 81 | 1.009 | 5.636 | 928 | 2 | 1075 | 0 | 147 |
| 1556 | Arnarnúpur ÞH 272 | 733 | 1.705 | 568 | 1 | 435 | 168 | |
| 1416 | Arney KE 50 | 580 | 3.800 | 591 | 1 | 439 | 152 | |
| 1030 | Arnþór EA 16 | 642 | 2.940 | 615 | 1 | 271 | 344 | |
| 226 | Beitir NK 123 | 1.100 | 4.928 | 1.074 | 1 | 125 | 949 | |
| 1031 | Bergur VE 44 | 1.206 | 3.936 | 1.206 | 1 | 115 | 1.091 | |
| 967 | Bergur Vigfús GK 53 | 602 | 1.725 | 456 | 1 | 148 | 308 | |
| 2287 | Bjarni Ólafsson AK 70 | 1.354 | 4.887 | 1.354 | 1 | 975 | 379 | |
| 1508 | Björg Jónsdóttir ÞH 321 | 834 | 3.858 | 818 | 2 | 476 | 0 | |
| 1293 | Börkur NK 122 | 1.268 | 6.895 | 1.268 | 1 | 507 | 761 | |
| 1037 | Dagfari GK 70 | 529 | 2.248 | 529 | 1 | 518 | 11 | |
| 2253 | Elliði GK 445 | 863 | 5.753 | 863 | 1 | 300 | 563 | |
| 1048 | Faxi RE 241 | 700 | 3.885 | 674 | 1 | 121 | 553 | |
| 1011 | Gígja VE 340 | 753 | 3.752 | 750 | 1 | 753 | 0 | |
| 968 | Glófaxi VE 300 | 500 | 1.646 | 469 | 1 | 109 | 360 | |
| 1512 | Grindvíkingur GK 606 | 1.150 | 4.531 | 1.149 | 2 | 337 | 0 | |
| 1020 | Guðmundur Ólafur 91 | 814 | 2.334 | 693 | 1 | 260 | 433 | |
| 1272 | Guðmundur VE 29 | 959 | 3.945 | 937 | 1 | 959 | 0 | |
| 1076 | Guðrún Þorkelsdóttir SU 21 | 1.040 | 3.279 | 995 | 2 | 634 | 0 | |
| 1401 | Gullberg VE 292 | 907 | 4.446 | 924 | 1 | 914 | 10 | |
| 1006 | Háberg GK 399 | 650 | 4.074 | 685 | 1 | 283 | 402 | |
| 1807 | Hákon ÞH 250 | 1.140 | 6.396 | 1.139 | 1 | 443 | 696 | |
| 1035 | Heimaey VE 1 | 524 | 1.943 | 524 | 1 | 479 | 45 | |
| 1525 | Hólmaborg SU 11 | 2.600 | 7.319 | 2.074 | 1 | 191 | 1.883 | |
| 1411 | Huginn VE 55 | 930 | 2.928 | 912 | 1 | 107 | 805 | |
| 1070 | Húnaröst SF 550 | 750 | 4.486 | 768 | 1 | 0 | 768 | |
| 1413 | Höfrungur AK 91 | 905 | 4.728 | 889 | 1 | 138 | 751 | |
| 1610 | Ísleifur VE 63 | 1.127 | 6.106 | 1.127 | 1 | 736 | 391 | |
| 155 | Jón Kjartansson SU 111 | 1.133 | 5.317 | 1.133 | 1 | 1105 | 28 | |
| 2275 | Jón Sigurðsson GK 62 | 844 | 5.416 | 837 | 2 | 642 | 0 | |
| 2233 | Jóna Eðvalds SF 20 | 544 | 2.538 | 428 | 1 | 159 | 269 | |
| 233 | Júlli Dan ÞH 364 | 450 | 787 | 267 | 1 | 272 | 0 | |
| 130 | Júpiter ÞH 61 | 1.324 | 9.038 | 1.297 | 2 | 823 | 0 | |
| 1742 | Kap VE 4 | 1.235 | 7.175 | 1.235 | 1 | 1220 | 15 | |
| 1062 | Kap VE II 444 | 900 | 3.741 | 754 | 2 | 704 | 0 | |
| 1504 | Neptúnus ÞH 361 | 1.144 | 5.399 | 1.146 | 2 | 1199 | 0 | 53 |
| 1046 | Oddeyrin EA 210 | 726 | 5.368 | 726 | 2 | 519 | 0 | |
| 2281 | Sighvatur Bjarnason VE 81 | 1.634 | 5.344 | 1.634 | 2 | 2443 | | 809 |
| 973 | Sigla SI 50 | 598 | 1.594 | 565 | 1 | 102 | 463 | |
| 183 | Sigurður VE 15 | 1.540 | 6.327 | 1.541 | 2 | 887 | 654 | |
| 1061 | Sólfell VE 640 | 688 | 3.452 | 688 | 1 | 674 | 14 | |
| 1002 | Sunnuberg GK 199 | 827 | 5.474 | 816 | 2 | 880 | | 64 |
| 1060 | Súlan EA 300 | 980 | 5.501 | 935 | 1 | 960 | 0 | |
| 1029 | Svanur RE 45 | 710 | 3.258 | 704 | 1 | 224 | 480 | |
| 1028 | Sæljón SU 104 | 500 | 472 | 250 | 0 | 0 | 250 | |
| 220 | Víkingur AK 100 | 1.465 | 7.409 | 1.438 | 1 | 683 | 755 | |
| 979 | Víkurberg GK 1 | 987 | 3.548 | 923 | 1 | 0 | 923 | |
| 1903 | Þorsteinn EA 810 | 1.205 | 5.063 | 1.205 | 2 | 453 | 752 | |
| 264 | Þórður Jónasson EA 350 | 700 | 3.748 | 708 | 1 | 438 | 270 | |
| 1501 | Þórshamar GK 75 | 919 | 5.664 | 919 | 1 | 272 | 647 | |
| 1012 | Örn KE 13 | 1.103 | 4.375 | 1.103 | 2 | 780 | 0 | |
| 51 | Samtals: | 48.325 | 220.117 | 46.231 | | 27.287 | 17.343 | 1.073 |

*Afli í efnahagslögsögu Noregs undanskilinn

Allar aflatölur skv. upplýsingum frá löndunarhöfnum

20. 04. 1998

# NORSK-ÍSL. SÍLD
## Landaður afli á sólahring á tímabilinu 4.maí - 18.júní, árin 1996 og 1997




20.04.1998

Veiðiferðir og landanir einstakra skipa

| Sk.nr. | Skip | Úr höfn | Af miðum | Ísl. | Fær. | Jan M. | Alþj.l. | Samt. | L.dags. | Lóðs | Heildarafli |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | | | Aflaskeyti frá skipi | | | | | | | |
| *2277* | *Antares VE 81* | 1.maí | 6.maí | 0 | 750 | 0 | 0 | 750 | 6.maí | 762 | 5.636 |
| | Veiðiferð 2 | 7.maí | 13.maí | 0 | 0 | 0 | 600 | 600 | 14.maí | 590 | |
| | Veiðiferð 3 | 15.maí | 19.maí | 0 | 900 | 0 | 0 | 900 | 20.maí | 869 | |
| | Veiðiferð 4 | 20.maí | 24.maí | 0 | 900 | 0 | 0 | 900 | 25.maí | 928 | |
| | Veiðiferð 5 | 25.maí | 30.maí | 0 | 0 | 0 | 600 | 600 | 30.maí | 653 | |
| | Veiðiferð 6 | 5.jún | 11.jún | 0 | 200 | 0 | 100 | 300 | 13.jún | 351 | |
| | Veiðiferð 7 | 22.jún | 27.jún | | | 700 | | 700 | 30.jún | 724 | |
| | Lögsaga Noregs | 23.sep | 29.sep | | | | | | 1.okt | 367 | |
| | Lögsaga Noregs | 2.okt | 4.okt | | | | | | | 392 | |
| *1556* | *Arnarnúpur ÞH 272* | 1.maí | 5.maí | 0 | 270 | 0 | 0 | 270 | 6.maí | 270 | 1.705 |
| | Veiðiferð 2 | 7.maí | 11.maí | 0 | 0 | 0 | 500 | 500 | 12.maí | 432 | |
| | Veiðiferð 3 | 12.maí | 17.maí | 0 | 550 | 0 | 0 | 550 | 17.maí | 568 | |
| | Veiðiferð 4 | 4.jún | 9.jún | 0 | 400 | 0 | 0 | 400 | 10.jún | 435 | |
| *1416* | *Arney KE 50* | 1.maí | 4.maí | 0 | 550 | 0 | 0 | 550 | 5.maí | 519 | 3.800 |
| | Veiðiferð 2 | 6.maí | 8.maí | 0 | 0 | 0 | 580 | 580 | 9.maí | 575 | |
| | Veiðiferð 3 | 10.maí | 13.maí | 0 | 580 | 0 | 0 | 580 | 14.maí | 579 | |
| | Veiðiferð 4 | 15.maí | 17.maí | 0 | 570 | 0 | 0 | 570 | 18.maí | 565 | |
| | Veiðiferð 5 | 18.maí | 24.maí | 0 | 70 | 400 | 50 | 520 | 25.maí | 532 | |
| | Veiðiferð 6 | 26.maí | 27.maí | 0 | 0 | 0 | 580 | 580 | 29.maí | 591 | |
| | Veiðiferð 7 | 4.jún | 11.jún | 0 | 0 | 0 | 450 | 450 | 12.jún | 439 | |
| *1030* | *Arnþór EA 16* | 1.maí | 5.maí | 0 | 600 | 0 | 0 | 600 | 5.maí | 596 | 2.940 |
| | Veiðiferð 2 | 5.maí | 9.maí | 0 | 0 | 0 | 600 | 600 | 10.maí | 615 | |
| | Veiðiferð 3 | 11.maí | 13.maí | 0 | 580 | 0 | 0 | 580 | 14.maí | 575 | |
| | Veiðiferð 4 | 15.maí | 21.maí | 0 | 250 | 0 | 0 | 250 | 21.maí | 222 | |
| | Veiðiferð 5 | 22.maí | 24.maí | 0 | 0 | 0 | 600 | 600 | 25.maí | 608 | |
| | Veiðiferð 6 | 26.maí | 30.maí | 0 | 0 | 0 | 40 | 40 | 30.maí | 53 | |
| | Veiðiferð 7 | 4.jún | 10.jún | 0 | 0 | 0 | 280 | 280 | 11.jún | 271 | |
| *226* | *Beitir NK 123* | 1.maí | 5.maí | 0 | 300 | 0 | 0 | 300 | 7.maí | 294 | 4.928 |
| | Veiðiferð 2 | 7.maí | 11.maí | 0 | 0 | 0 | 900 | 900 | 12.maí | 973 | |
| | Veiðiferð 3 | 13.maí | 16.maí | 0 | 1100 | 0 | 0 | 1100 | 17.maí | 1074 | |
| | Veiðiferð 4 | 17.maí | 22.maí | 0 | 470 | 0 | 330 | 800 | 22.maí | 792 | |
| | Veiðiferð 5 | 23.maí | 26.maí | 0 | 0 | 70 | 480 | 550 | 27.maí | 526 | |
| | Veiðiferð 6 | 27.maí | 30.maí | 0 | 0 | 0 | 280 | 280 | 31.maí | 267 | |
| | Veiðiferð 7 | 5.jún | 13.jún | 0 | 50 | 0 | 50 | 100 | 14.jún | 125 | |
| | Lögsaga Noregs | 20.sep | 21.sep | | | | | | 23.sep | 877 | |
| *1031* | *Bergur VE 44* | 1.maí | 15.maí | 0 | 1200 | 0 | 0 | 1200 | 16.maí | 1206 | 3.936 |
| | Veiðiferð 2 | 17.maí | 23.maí | 0 | 700 | 0 | 0 | 700 | 23.maí | 654 | |
| | Veiðiferð 3 | 24.maí | 27.maí | 0 | 0 | 0 | 1200 | 1200 | 28.maí | 1206 | |
| | Veiðiferð 4 | 4.jún | 12.jún | 0 | 0 | 0 | 130 | 130 | 13.jún | 115 | |
| | Lögsaga Noregs | 23.sep | 25.sep | | | | | | 29.sep | 755 | |
| *967* | *Bergur Vigfús GK 53* | 2.maí | 5.maí | 0 | 350 | 0 | 0 | 350 | 6.maí | 322 | 1.725 |
| | Veiðiferð 2 | | 13.maí | 0 | 0 | 0 | 170 | 170 | 13.maí | 173 | |
| | Veiðiferð 3 | 13.maí | 16.maí | 0 | 470 | 0 | 0 | 470 | 17.maí | 456 | |
| | Veiðiferð 4 | 17.maí | 23.maí | 0 | 290 | 0 | 0 | 290 | 24.maí | 277 | |
| | Veiðiferð 5 | 24.maí | 28.maí | 0 | 0 | 0 | 350 | 350 | 29.maí | 349 | |
| | Veiðiferð 6 | 3.jún | 11.jún | | | | 150 | 150 | 12.jún | 148 | |
| *2287* | *Bjarni Ólafsson AK 70* | 3.maí | 10.maí | 0 | 300 | 0 | 100 | 400 | 11.maí | 350 | 4.887 |
| | Veiðiferð 2 | 12.maí | 19.maí | 0 | 1200 | 0 | 0 | 1200 | 19.maí | 887 | |
| | Veiðiferð 3 | 20.maí | 23.maí | 0 | 0 | 1700 | 0 | 1700 | 25.maí | 1354 | |
| | Veiðiferð 4 | 26.maí | 27.maí | 0 | 0 | 0 | 1500 | 1500 | 29.maí | 1321 | |
| | Veiðiferð 5 | 3.jún | 6.jún | 0 | 1000 | 0 | 0 | 1000 | 8.jún | 975 | |
| *1508* | *Björg Jónsdóttir ÞH 321* | 1.maí | 11.maí | 0 | 0 | 0 | 350 | 350 | 11.maí | 352 | 3.858 |
| | Veiðiferð 2 | 11.maí | 14.maí | 0 | 750 | 0 | 0 | 750 | 15.maí | 718 | |
| | Veiðiferð 3 | 16.maí | 17.maí | 0 | 810 | 0 | 0 | 810 | 17.maí | 772 | |
| | Veiðiferð 4 | 19.maí | 23.maí | 0 | 0 | 570 | 250 | 820 | 25.maí | 818 | |
| | Veiðiferð 5 | 25.maí | 28.maí | 0 | 0 | 0 | 750 | 750 | 29.maí | 722 | |
| | Veiðiferð 6 | 6.jún | 7.jún | 0 | 350 | 0 | 50 | 400 | 8.jún | 423 | |
| | Veiðiferð 7 | 8.jún | 11.jún | 0 | 50 | 0 | | 50 | 11.jún | 53 | |
| *1293* | *Börkur NK 122* | 1.maí | 5.maí | 0 | 260 | 0 | 0 | 260 | 5.maí | 254 | 6.895 |
| | Veiðiferð 2 | 5.maí | 10.maí | 0 | 0 | 0 | 1270 | 1270 | 10.maí | 1233 | |
| | Veiðiferð 3 | 11.maí | 14.maí | 0 | 1200 | 0 | 0 | 1200 | 15.maí | 1182 | |
| | Veiðiferð 4 | 15.maí | 18.maí | 0 | 1250 | 0 | 0 | 1250 | 19.maí | 1268 | |
| | Veiðiferð 5 | 19.maí | 23.maí | 0 | 0 | 0 | 1250 | 1250 | 25.maí | 1254 | |
| | Veiðiferð 6 | 25.maí | 28.maí | 0 | 0 | 0 | 1160 | 1160 | 28.maí | 1109 | |
| | Veiðiferð 7 | | 30.maí | 0 | 0 | 0 | 100 | 100 | 31.maí | 88 | |
| | Veiðiferð 8 | 3.jún | 6.jún | 0 | 500 | 0 | 0 | 500 | 7.jún | 507 | |
| *1037* | *Dagfari GK 70* | 1.maí | 10.maí | 0 | 50 | 0 | 450 | 500 | 10.maí | 511 | 2.248 |
| | Veiðiferð 2 | 11.maí | 14.maí | 0 | 500 | 0 | 0 | 500 | 15.maí | 529 | |
| | Veiðiferð 3 | 16.maí | 21.maí | 0 | 180 | 0 | 0 | 180 | 22.maí | 192 | |

20. 04. 1998

| Sk.nr. | Skip | Úr höfn | Af miðum | Ísl. | Fær. | Jan M. | Alþj.l. | Samt. | L.dags. | Lóðs | Heildarafli |
